
Hefur áhrif víða ef stoðir bresta

● Áhyggjur af auknum útflutningi á óunnum fiski ● Varla hætta á að fiskvinnsla flytji úr landi í stórum stíl ● Atvinnuveganefnd Alþingis fjallar um svör fimm ráðuneyta ● Talsverð aukning á þessu ári

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Magn af útfluttum óunnum fiski í gámum nam á síðasta ári um helmingi þess magns sem fór í gegnum fiskmarkaði á árunum 2018 og 2019. Þessi útflutningur jókst talsvert þessi ár, en árið 2017 var magnið talsvert minna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu um útflutning á óunnum fiski í gámum, sem Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur unnið.



Lilja Rafney Magnúsdóttir

Skýrslan var kynnt á fundi atvinnuveganefndar Alþingis í gærmorgun og er hluti af ítarlegum svörum fimm ráðuneyta við spurningum atvinnuveganefndar síðasta haust.

Mikilvægt samspil

Fram kemur í svari ráðuneytanna að framboð á fiskmörkuðum hefur ekki breyst að neinu ráði á síðastliðnum þremur árum þótt magn útflutnings á óunnum fiski hafi aukist. Í skýrslunni segir að eins og staðan sé í dag sé varla hætta á að fiskvinnsla flytji úr landi í stórum stíl en sala óunnins fisks hafi þó vissulega aukist verulega.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar, segir að svör hafi fengist við ýmsum spurningum um umfang þessa útflutnings. Á næstunni verði fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila kallaðir á fund nefndarinnar og nefnir hún Alþýðusamband Íslands, Landssamband smábátaeigenda, fulltrúa fiskmarkaða og fiskútflytjenda án útgerða.

„Megináhyggjuefnið er þessi stóraukni útflutningur og að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu séu komin til sögunnar, án þess að tengjast fiskvinnslu eða útgerð og gera gagngert út á það að kaupa á mörkuðum til þess að flytja út óunninn fisk til vinnslu erlendis. Þar á meðal er land eins og Pólland þar sem laun eru miklu lægri en á Íslandi, en á þennan hátt flyst verðmætasköpunin úr landi," segir Lilja Rafney.

Fiskvinnslum gæti fækkað

Hún segir að fiskur sem fari beint í gáma sé ekki boðinn upp á fiskmörkuðum. Lilja segist hafa áhyggjur af stöðu fiskmarkaða, minni útgerðum sem treysti á markaðina og fiskvinnslufyrirtækjum sem þurfi að geta reitt sig á framboð á fiskmörkuðum til að geta haldið uppi starfsemi allan ársins hring.


„Þetta samspil er mikilvægt og ef einhverjar stoðir bresta getur það haft áhrif víða. Þá er það líka áhyggjuefni ef rétt verð skilar sér ekki til sjómanna þegar landað er yfir bryggju og fiskur er síðan seldur á allt öðru verði til þriðja aðila," segir Lilja Rafney.

Í heildina hefur framboð á fiskmörkuðum ekki minnkað, en árin 2017-2019 var það um 100 þúsund tonn. Útflutningur á óunnum fiski sem keyptur er á mörkuðum tvöfaldaðist á milli áranna 2017 og 2019. „Með minnkandi framboði á fiski hvort sem það er í beinum viðskiptum eða kaupum á fiskmarkaði má reikna með að fiskvinnslum fækki," segir í skýrslunni.

Útflutningur á ferskum, óunnum fiski

Þúsundir tonna, 2002-2019

Heimild: Skýrsla Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri





Ljósmynd/Eyjólfur Vilbergsson

Bræla Komið til hafnar í Grindavík.

Umboðsfyrirtæki kaupa fisk

Í skýrslu sjávarútvegssviðs Háskólans á Akureyri segir meðal annars: „Í heildina hefur framboð á fiskmörkuðum ekki breyst að ráði á árunum 2017-2019 en magn útflutts óunnins fisks hefur aukist og mesta aukningin er á þeim fiski sem er seldur beint af markaði og í beinum viðskiptum en fer a.m.k. að einhverju leyti í gegnum greiðslukerfi fiskmarkaða. Þau fyrirtæki sem kaupa á markaði og eru í beinum viðskiptum eru flest ekki með fiskvinnslu heldur eru umboðsfyrirtæki sem kaupa fisk og flytja út.

Þau ásamt stærstu fiskvinnslufyrirtækjunum eru flest staðsett á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Það sem vekur athygli er að fiski sem þessi fyrirtæki kaupa er oftar en ekki landað á Vestfjörðum og á Vesturlandi. Umboðsfyrirtækin eru einnig þau fyrirtæki sem kaupa mest í beinum viðskiptum við útgerð. Viðhorf forsvarsmanna fiskvinnslna voru meðal annars þau að ef aðgengi að hráefni yrði minnkað myndi það hafa slæm áhrif á fiskvinnslur, þeim myndi fækka og rekstrarumhverfi yrði ótryggara."

Talsverð aukning í ár

Einnig voru lagðar fyrir fund atvinnuveganefndar í gær upplýsingar frá Landssambandi smábátaeigenda um útflutning á heilum fiski í ár, byggt á tölum Hagstofunnar. Þar kemur fram að til loka september í ár höfðu verið flutt út tæp 12 þúsund tonn af þorski og hafði magnið aukist um 80% á milli ára, en verðmæti um 85% og nam yfir fimm milljörðum.